

Skólareglur Hlíðaskóla

- Nemendum ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir og hafa meðferðis viðeigandi námsgögn
- Nemendum ber að ganga vel um skólann og sýna starfsfólki öðrum nemendum tillitssemi og kurteisi
- Nemendur og forráðamenn þeirra eru ábyrgir fyrir þeim skemmdum sem nemendur kunna að valda á eigum skólans
- Notkun hjóla, hlaupahjóla, hjólabretta, hjóla- eða línuskauta og annarra farartækja er ekki leyfð á leiksvæði skólans á skólatíma.
- Reykingar og notkun hvers konar vímuefna er með öllu óheimil í skólanum, á skólalóð og þar sem nemendur eru á vegum skólans.
- Ekki leyfilegt að koma með sælgæti og gosdrykki í skólann nema með sérstöku leyfi kennara
- Notum snjalltæki eingöngu í námi undir leiðsögn kennara.
- Farsímanotkun nemenda er óheimil í Hlíðaskóla.
- Tökum ekki myndir/myndbönd eða hljóðupptökur af skólastarfinu án leyfis.

Markmið með skólareglum er að nemendur temji sér vönduð vinnubrögð og góða hegðun innan skólans og utan.

- Samskipti og háttsemi í skólanum skulu grundvallast á kjörorðum skólans, ábyrgð, virðing, vinsemd.
- Stundvísi er dyggð og tákn um sjálfsaga. Að vera stundvís felur í sér virðingu fyrir samferðafólki og þeim verkefnum sem unnið er að. Því ber að mæta stundvíslega til allra verka í Hlíðaskóla.
- Ein af forsendum þess að ná árangri í námi er góð ástundun. Því er mikilvægt að allir mæti vel undirbúnir í kennslustundir og fylgi námsáætlunum eftir bestu getu.
- Heilbriggt líferni og svefn eru forsenda vellíðunar og árangurs í námi. Hlíðaskóli leggur áherslu á að nemendur komi úthvíldir í skólann. Neysla hvers konar vímuefna er með öllu óheimil í skólanum.

- Við rekstur mötuneytis í Hlíðaskóla er lögð áhersla á að fylgja leiðbeiningum frá Embætti landlæknis. Mælst er til þess að nemendur komi með hollt nesti að heiman.
- Neysla sælgætis og hvers kyns orku- eða gosdrykkja er óheimil á skólatíma nema með sérstöku leyfi frá kennara.
- Mikil verðmæti eru falin í húsnæði skólans, innanstokksmunum, lóð, leiktækjum, kennslu tækjum og gögnum. Við virðum þessi verðmæti og leggjum áherslu á góða umgengni.
- Notkun síma, snjalltækja, hljómtækja og annarra raftækja er með öllu óheimil í kennslustundum nema með sérstöku leyfi kennara. Slökkva ber á slíkum tækjum og þau skulu geymd í skólatösku. Öll myndataka með snjalltækjum er óheimil á skólatíma. Skólinn tekur enga ábyrgð á slíkum tækjum.
- Nemendur mega gjarnan koma á reiðhjólum í skólann. Aðstaða er á skólalóð til að geyma reiðhjól í þar til gerðum hjólagrindum og skulu þau höfð þar á skólatíma. Skólinn tekur enga ábyrgð á reiðhjólunum. Önnur farartæki er ekki hægt að geyma í skólanum og því skulu þau höfð heima.